

Skólafélag Lindaskóla

Lindaskóli starfar eftir lögum um grunnskóla nr. 91/2008. Kennsla fer fram samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla og skólafélagi Kópavogsbæjar. Lindaskóli hefur sett sér gildi, leiðarljós, uppeldis- og kennslufræðilega stefnu sem sett er fram í almennri skólanámskrá, og bekkjarnámskrá.

Gildi Lindaskóla eru **vinátta, virðing, víska** og eiga þau að vera rauði þráðurinn í öllu starfi skólans.

Í Lindaskóla er nemandinn í forgrunni í öllu skólafélagi. Leitast er við að skapa nemendum námsumhverfi þar sem hlúð er að hverjum einstaklingi og mismunandi þörfum þeirra. Í skólafélaginu er lögð áhersla á að allir nemendur fái nám við sitt hæfi. Lindaskóli leggur áherslu á að ná þessu markmiði með jákvæðu viðmóti og virðingu fyrir einstaklingnum. Lindaskóli leggur áherslu á að spjaldtölvur séu notaðar í skólafélaginu þar sem því er við komið samkvæmt stefnu Kópavogsbæjar til þess að auka m.a fjölbreytni náms og kennsluhátta, upplýsingaöflun, framsýni í upplýsinga- og tæknimennt og sjálfstæð vinnubrögð.

Stefna Lindaskóla er velgengi í skólafélagi, fagleg færni og metnaður. Starfsfólk Lindaskóla leggur mikla áherslu á að nemendum líði vel í skólanum og einnig leggja þeir áherslu á að nemendur leggi sig fram við námið og þau markmið og gildi sem skólinn setur sér.

Lögð er áhersla á stundvísi, jákvæð samskipti og virðingu manna í milli. Unnið er markvisst að því að fyrirbyggja einelti og samskiptavanda. Á yngri stigum er lögð áhersla á félagsfærniþjálfun.

Lindaskóli leggur áherslu á að nemendur geri sér grein fyrir gildi umhverfismenntar. Áhersla er lögð á að nemendur verði meðvitaðir um mikilvægi samspils náttúru og umhverfis. Lögð er áhersla á að nemendur kynnist nánasta umhverfi, læri að bera virðingu fyrir náttúrunni og þroski með sér alþjóðavitund um umhverfismál. Í Lindaskóla er útinám í hverri viku á yngsta stigi. Í Lindaskóla er lögð áhersla á að nemendur taki þátt í að flokka úrgang til endurvinnslu

og endurnýtingar. Lindaskóli leggur rækt við listir og menningu í skólastarfinu bæði með öflugri kennslu og einnig fær hann reglulega í heimsókn listamenn til þess að kynna list sína og fræða nemendur. Nemendur læra framsögn og taka þátt í hinum ýmsu lestrarhvetjandi verkefnum eins og Litlu- og Stóru upplestrarkeppninni og spurningakeppninni Uglunni. Nemendur koma reglulega fram á sal skólans með skemmtanir þar sem foreldrum og öðrum skólafélögum er boðið. Nemendur í 2.-6. bekk eiga þess kost á að vera í kór sem æfir á skólatíma og er með tónleika nokkrum sinnum yfir skólaárið.

Virk heilsuefling er eitt af einkennum skólans og hefur hann til margra ára verið í forystusveit skóla sem tekið hafa þátt í Skólahreysti.

Mikilvægt er að allir í skólasamfélaginu kappkosti í sameiningu að stuðla að og viðhalda góðum starfsanda og jákvæðum skólabrag.

Lindaskóla leggur áherslu á mikla og góða samvinnu milli heimilis og skóla.